



REYKJAVÍKREYKJAVÍK

NÚ VIRÐAST BARA VERA TVEIR MENN Á ÍTALÍU

DAGLEGT LÍF

Hvað kostar eiginlega að fara í bíó?

Allir í leikhús

Vinir >> 31

Leikmenn í landinu

STOFNAD 1913

334. tölublað
96. árgangur
Landsprent ehf.

Morgunblaðið

MBL.IS

Morgunblaðið
hvar sem er
hvenær sem er

FIMMTUDAGUR 28. ÁGÚST 2008

Þjóðhátíð fyrir þjóðhetjur



Morgunblaðið/G.Rúnar

MANNHAF tók á móti Silfurdrengjunum, handboltalandslíðinu, sem sneri heim frá Ólympíuleikunum í Peking síðdegis í gær. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, blés til þjóðhátíðar þegar ljóst var hvaða árangri liðið hafði náð á leikunum og í

gær svaraði þjóðin kallinu. Tugþúsundir hylltu markmenn, hornamenn, línumenn, skyttur og miðjumenn, þjálfara og fylgdarlið þeirra í miðborginni og handbolti var stimplaður inn sem vinsælasta íþrótt landsins næstu misserin. Þeir landslíðs-

menn sem tal náðist af sögðust ekki eiga orð yfir viðtökurnar. Þeir hefðu búist við einhverri móttöku en ekki þessu. „Gott silfur er gulli betra,“ sagði stuðmaðurinn Valgeir Guðjónsson, sem stýrði hátíðahöldunum við Arnarhól. | 12-14 og baksíða

Ætla að bjóða í olíuleyfi

- Straumborg undirbýr þátttöku í útboði sérleyfa á Drekanum
- „Stærstu olúfyrirtækin á heimsvísu fylgjast vel með okkur“

Eftir Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@mbl.is

„VIÐ höfum tekið þátt í heilmiklum olúfjórtingum undanfarið í gegnum fyrirtækið Lindir Resources. [...] Við ætlum m.a. að taka þátt í tilbodum í olúleit á Drekasvæðinu,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, stjórnarformaður Straumborgar fjárfestingarfélag. Hjóðbylgjumyndir af svæðinu undir hafsbotni Drekasvæðisins,

norðaustan við strendur Íslands, og jarðfræðileg saga svæðisins veita góðar vísbendingar um að þar leynist olía, að sögn Gunnlaugs Jónssonar, forstjóra Linda Resources hf. Norska olúleitarfélagið Sagex, sem er að hluta til í eigu Linda, mun taka þátt í útboði sérleyfa til olúleitar og vinnslu á svæðinu. Útboðið verður auglýst 15. janúar á næsta ári. Nokkur stórfyrirtæki í olúleitaráttöku eru að meta hugsanlega þátttöku.

„Við vitum að stærstu olúfyrirtækin á heimsvísu fylgjast vel með okkur,“ segir Kristinn Einarsson, yfirverkefnisstjóri hjá Orkustofnun. Þeir sem taka þátt í útboðinu munu ekki greiða neitt fyrir leyfin sem slík, aðeins útboðsgögn og viðbótargögn um rannsóknir á svæðinu. Kostnaður vegna viðbótargagna getur orðið einhverjar milljónir.

■ Viðskipti

muu muundu eftir mjólkinni!